

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn á Teams 15. apríl 2024, kl. 8:00

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar
Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Hulda Kristjánsdóttir.
Formaður Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. 2023

Formaður fór yfir ársreikning fyrir 2023. KPMG sá um að endurskoða ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2023. Rekstrartekjur byggðasamlagsins námu 127,7 milljónum. Á árinu voru 6,2 stöðugildi auk stjórnarfólks og námu launagreiðslur með launatengdum gjöldum alls 84,8 milljónum. Með ársreikningi fylgdi leiðrétting á framlögum sveitarfélaganna árið 2023 ásamt athugasemdum endurskoðanda vegna frávika í uppgjöri.

Stjórn samþykkir framlagðan ársreikning og felur formanni að ganga frá rafrænni undirritun og að senda ársreikning á aðildarsveitarfélög.

Formanni falið að koma leiðréttu uppgjöri á skrifstofu Hrunamannahrepps sem sér um að gera árið upp við aðildarsveitarfélög. Formanni einnig falið að fylgja því eftir að sótt verði um endurkræfan virðisaukaskatt af sérfræðiþjónustu á árinu 2023.

2. Önnur mál

Stjórn samþykkir að næsti fundur stjórnar verði 26. apríl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:45